



Mánaðamót

1. september 2026
Greiningardeild Landsbankans


Markaðsdagatal – september 2026

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
	Verðbólga á evrusvæðinu1	Fundargerð peningastefnunefndar2	Greiðslujöfnuður við útlönd (SÍ)3	Atvinnuleysi í Bandaríkjunum4
Fjöldi starfandi (HAG)7	8	9	Brottfarir um Keflavíkurflugvöll (FMST) Vaxtaákvörðun hjá Seðlabanka Evrópu10	Skráð atvinnuleysi (VMST) Verðbólga í Bandaríkjunum11
14	Vísitala íbúðaverðs (HMS)15	Vísitala leiguverðs (HMS) Vaxtaákvörðun í Bandaríkjunum Verðbólga í Bretlandi16	Mánaðarskýrsla (HMS) Greiðslumiðlun (SÍ) Vaxtaákvörðun í Bretlandi17	Lok verðkönnunarviku (HAG)18
21	Vísitala launa (HAG)22	Fjármálastöðugleiki (SÍ) Yfirlýsing fjármálastöðugleikaneftdar (SÍ)23	24	25
28	Vísitala neysluverðs (HAG)29	Hagvísar (SÍ) Fjöldi gistingu í ágúst (HAG)30		



Verðbólga

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,20% á milli mánaða í ágúst og verðbólga hækkaði úr 5,3% í 5,6%. Við höfðum spáð því að vísitalan myndi hækka um 0,1% og að verðbólga myndi hækka í 5,5%. Verðbólga hefur verið yfir 5% alla átta mánuði ársins.




Breyting VNV á milli mánaða


Það var lítill munur á spá okkar og mælingu Hagstofunnar. Það sem kom mest á óvart í mælingunni var mikil hækkun á reiknaðri húsaleigu í ágúst, eða um 0,9% á milli mánaða. Hækkunin stangast á við þróun annarra mælikvarða á íbúða- og leiguverði sem hafa sýnt minni hækkanir undanfarna mánuði. Flugfargjöld lækkuðu nokkurn veginn í samræmi við spá okkar. Þau lækka jafnan í ágúst en lækkuðu þó nokkuð minna en í fyrra sem við teljum að sé vegna áhrifa sólmyrkvans. Flugfargjöld eru nú 27% hærri en þau voru í ágúst í fyrra. Útsölur á fötum og skóm gengu hraðar til baka en við spáðum. Liðurinn hótél og veitingastaðir hækkaði minna en við gerðum ráð fyrir.

Ágústmælingar VNV og spá

Breyting milli mánaða og framlag undirliða




Framlag undirliða í ágúst



Heimild: Hagstofa Íslands, Greiningardeild

Breyting á samsetningu ársverðbólgu

Ef við skoðum breytingu á samsetningu ársverðbólgu sést að verðhækkanir í ágúst voru nokkuð almennar og flestir liðir voru til hækkunar í mánuðinum. Húsnæðiskostnaður hafði mest áhrif til hækkunar í mánuðinum, en þetta eru mestu áhrifin af þeim lið sem hafa sést á árinu. Áhrif af skráningargjöldum í háskóla voru töluverð til hækkunar á opinberri þjónustu.




Horfur næstu mánuði

Við gerum ráð fyrir að vísitalan hækki um 0,14% í september, um 0,10% í október og lækki síðan um 0,47% í nóvember. Gangi spáin eftir mun ársverðbólgan mælast 5,7% í september, 5,3% í október og 5,3% í nóvember. Við gerum ekki miklar breytingar frá síðustu spá sem við birtum í verðkönnunarvikunni. Föt og skór hækkuðu meira en við spáðum í ágúst en við gerum á móti ráð fyrir minni hækkun í september. Í september fellur úr gildi afsláttur af virðisaukaskatti á eldsneyti auk þess sem hækkun á komugjöldum á heilsugæslu og vegna annarrar heilbrigðisþjónustu koma inn í mælingar.

Verðbólguþspá


Breyting milli mánaða og framlag undirliða



Matur og drykkjarv. Föt og skór Húsnæði
Húsg. og heimilisb. Bensín Flugfargjöld til útlanda
Annað VNV

Verðbólguþspá

Ársverðbólga



Fyrri spá (birt 13. ágúst) Núverandi spá (birt 27. ágúst) Verðbólga


Meginvextir Seðlabanka Íslands

Peningastefnunefnd hækkaði vexti um 0,25 prósentustig í ágúst. Fjórir nefndarmenn studdu þessa ákvörðun en einn vildi halda vöxtum óbreyttum. Ákvörðunin var í samræmi við væntingar okkar og var yfirlýsingin að okkar mati mildari en í maí. Nefndin fjarlægði setningu um að hún sé tilbúin til að herða aðhald enn frekar þrátt fyrir að það hægi á hagkerfinu og hún er ekki lengur einhuga um vaxtahækkun. Næsta ákvörðun er 7. október og mun ein verðbólga­mæling berast fyrir þann tíma.

Vaxtaákvarðanir peningastefnunefndar

Dags.	Vikur frá s. ákv	Ákv.	Atkvæði með	Atkvæði móti	Kosið annað	Meginvextir
7. feb. 2024	11	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		9,25%
20. mar. 2024	6	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		9,25%
8. maí 2024	7	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	AS (-0,25%)		9,25%
21. ágú. 2024	15	óbr.	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			9,25%
2. okt. 2024	6	-0,25%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP		HS (óbr.)	9,00%
20. nóv. 2024	7	-0,50%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			8,50%
5. feb. 2025	11	-0,50%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			8,00%
19. mar. 2025	6	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,75%
21. maí 2025	9	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP		HS (óbr.)	7,50%
20. ágú. 2025	13	óbr.	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,50%
8. okt. 2025	7	óbr.	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,50%
19. nóv. 2025	6	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,25%
4. feb. 2026	11	óbr.	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,25%
18. mar. 2026	6	+0,25%	ÁJ, ÞGP, TB	ÁÓP, HS (+0,50%)		7,50%
20. maí. 2026	9	+0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,75%
19. ágú. 2026	13	+0,25%	fjórir	einn (óbr.)		8,00%
7. okt. 2026	7					
18. nóv. 2026	6					


Meginvextir Seðlabanka Íslands




Peningamál 2026/3

Samhliða vaxtaákvörðuninni 19. ágúst birti SÍ *Peningamál* með nýrri hagspá. Bankinn gerir núna ráð fyrir meiri verðbólgu það sem eftir líður árs en hann spáði í maí, eða 5,6% í stað 5,2% á þriðja ársfjórðungi og 5,7% í stað 5,5% á fjórða ársfjórðungi. Bankinn gerir þó ráð fyrir mjög svipaðri þróun næstu ár. Hann lækkaði hagvaxtarspá sína úr 1,6% í 1,4% fyrir árið í ár. Seðlabankinn rökstyður þetta með því að svo virðist sem að einkaneysla hafi gefið meira eftir en búist var við í maí. Einnig gerir bankinn ráð fyrir minni útflutningi sjávarafurða, en á móti vega meiri útflutningstekjur af gagnaverum. Bankinn gerir nú ráð fyrir aðeins meir hagvexti 2027 og 2028 en hann spáði í maí.

Verðbólguspár




Hagvaxtarspár




Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði mældist 3,7% til tveggja ára og 3,8% til fimm og tíu ára í lok ágúst. Það lækkaði um 0,4 prósentustig til tveggja ára innan mánaðar, um 0,1 prósentustig til fimm ára og var óbreytt til tíu ára. Það varð nær engin breyting á verðbólguálaginu til tveggja ára daginn sem verðbólgutölur fyrir ágúst komu, enda kom talan lítið á óvart.

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði




Verðbólguálag til tveggja ára




Verðbólga, verðbólguvæntingar og raunmeginvextir

Meðaltal helstu mælikvarða á verðbólguvæntingar var 4,0% í ágúst (-0,1 prósentustig á milli mánaða). Raunmeginvextir miðað við liðna verðbólgu voru 2,2% (-0,3 prósentustig á milli mánaða) og út frá meðaltali helstu mælikvarða á verðbólguvæntingar voru þeir 3,9% (+0,2 prósentustig á milli mánaða).

Verðbólga og verðbólguvæntingar



Raunmeginvextir




Meðaltal mánaðar. Verðbólguvæntingar eru meðaltal verðbólguálags á skuldabréfamarkaði til tveggja og fimm ára, niðurstaða úr væntingakönnun markaðsaðila til eins árs og næstu fimm ára, væntingar heimila til næstu fimm ára og fyrirtækja til næstu fimm ára. Skyggða svæðið er hæsta og lægsta gildið. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Greiningardeild Landsbankans

Fasteignamarkaðurinn


Vísitala íbúðaverðs hækkaði um 0,09% á milli mánaða í júlí, en ársbreyting hennar lækkaði úr 2,8% í 1,6% og hefur ekki mælst minni síðan í júlí 2023. Vísitala leiguverðs hækkaði um 0,46% og er árshækkun hennar 4,7%. Alls voru undirritaðir um 900 kaupsamningar um íbúðarhúsnæði í júlí. Það er um 15% fækkun miðað við júlí 2025. Júlí er sjöundi mánuðurinn í röð sem fjöldi kaupsamninga um íbúðarhúsnæði minnkar á milli ára.

Vísitala íbúðaverðs og leiguverðs

Breyting á milli ára




Undirritaðir kaupsamningar



Verg landsframleiðsla

Samkvæmt fyrsta mati Hagstofunnar mældist 1,1% samdráttur á milli ára á öðrum ársfjórðungi. Samdrátturinn á fjórðungnum skýrist aðallega af minni útfluttu magna af áli og sjávarafurðum. Þrátt fyrir þetta jókst útflutningur á áli og sjávarafurðum í krónum talið vegna hagstæðra verðþróunar. Fjármunamyndun jókst vegna uppbyggingu gagnavera og stóriðjufjárfestingar. Bæði opinber fjárfesting og íbúðafjárfesting drógust saman milli ára.




Velta skv. VSK-skýrslum

Velta samkvæmt VSK-skýrslum jókst í flestum útflutningsgreinum í maí og júní, að ferðapjónustu undanskilinni. Aukna veltu útflutningsgreina má að miklu leyti rekja til hagfelldrar þróunar á heimsmarkaðsverði frekar en meiri framleiðslu. Á sama tíma sjást merki um kólnun í innlenda hagkerfinu, einkum í greinum sem reiða sig meira á innlenda eftirspurn.


Útflutningshagkerfið

Breyting á milli ára




Innflutningshagkerfið

Breyting á milli ára




Atvinnuleysi og fjöldi starfanda

Bæði tölur um skráð atvinnuleysi og fjölda starfandi skv. staðgreiðsluskrám benda til þess að vinnumarkaðurinn sé að kólna. Skráð atvinnuleysi var 4,0% í júlí, 0,6 prósentustigum meira en í júlí 2025. Starfandi samkvæmt skrá fækkaði um 0,2% á milli ára í júní.




Greiðslukortavelta íslenskra heimila

Greiðslukortavelta íslenskra heimila jókst um 1,4% á milli ára í júlí, að teknu tilliti til verðlags og gengis. Kortavelta Íslendinga erlendis jókst um 8,5% í júlí, sem er töluvert minni vöxtur en á síðustu tveimur mánuðum. Kortavelta Íslendinga innanlands dróst saman um 0,9% í júlí eftir að hafa aukist um 1,9% á milli ára í júní. Frá febrúar til maí mældist samdráttur í kortaveltu innanlands.




Hrein ný íbúðalán

Hrein ný íbúðalán viðskiptabankanna námu 9,2 mö.kr. í júlí og þar af voru hrein ný óverðtryggð lán 7,6 ma.kr. og hrein ný verðtryggð lán 1,6 ma.kr. Júlí er sjöundi mánuðurinn í röð sem heimilin taka meira af óverðtryggðum lánum hjá viðskiptabönkunum en verðtryggðum.



Viðskiptajöfnuður við útlönd

Á öðrum ársfjórðungi mældist 154 ma.kr. halli á vöruviðskiptum við útlönd og 67 ma.kr. afgangur af þjónustujöfnuði. Alls var því 88 ma.kr. halli af vöru og þjónustujöfnuði á 2. ársfjórðungi sem er 22 ma.kr. lakari niðurstaða en á 2. ársfjórðungi í fyrra. Aukinn afgangur af þjónustuviðskiptum skýrist helst af auknum útflutningi í fjarskipta-, tölvu- og upplýsingaþjónustu en þjónustuinnflutningur stóð að mestu í stað. Vöruútflutningur jókst lítillega milli ára á fjórðungnum, en vöruinnflutningur hefur aldrei mælst meiri sem skýrist af áframhaldandi uppbyggingu gagnavera.




Staðan í ferðaþjónustu

Um 293 þúsund erlendir ferðamenn fóru um Keflavíkurflugvöll í júlí, eða 3,1% færri en á sama tíma í fyrra. Frá ársbyrjun hafa örlítið færri ferðamenn komið til landsins en á fyrstu sjö mánuðum síðasta árs, eða um 1,4% færri. Kortavelta erlendra ferðamanna hérlandis jókst um 3,9% á milli ára á föstu gengi en aðeins um 0,8% á föstu verðlagi í júlí. Gistinóttum útlendinga á hótélum fjölgaði um 0,8% á milli ára.


Uppsafnaður fjöldi ferðamanna

Þúsund manns




Þróun helstu mælikvarða

Breyting á milli ára



Gengi krónunnar


Krónan styrktist á móti bæði evru og bandaríkjadal í ágúst. Í lok mánaðarins stóð evran í 140,8 (-1,8 krónur innan mánaðar) og stóð bandaríkjadalur í 121,4 (-2,7 krónur innan mánaðar). Frá áramótum hefur krónan styrkst um 4,5% á móti evru og 3,1% á móti bandaríkjadal.




Gjaldeyrisviðskipti Seðlabanka Íslands og lífeyrissjóða

Seðlabankinn greip ekki inn á gjaldeyrismarkað í ágúst ef frá eru talin reglubundin kaup. Heildarkaup SÍ frá því að bankinn hóf regluleg kaup í maí eru komin upp í 13,4 ma.kr. Lífeyrissjóðirnir keyptu gjaldeyri fyrir 45,8 ma.kr. á fyrst fimm mánuðum ársins og hafa ekki keypt meiri gjaldeyri á þessu tímabili síðan 2019.

Inngrip Seðlabanka Íslands



Uppsöfnuð kaup lífeyrissjóða innan árs



Útgáfa Greiningardeildar í ágúst

- 13. ágúst: Hagsjá: Verðbólguspá fyrir ágúst: óvissa og mikið í húfi
- 13. ágúst: Hagsjá: Spáum vaxtahækkun í næstu viku
- 18. ágúst: Hagsjá: Sífelld stærri hluti neyslu Íslendinga fer fram erlendis
- 19. ágúst: Hagsjá: Vextir hækkaðir en mildari tónn
- 21. ágúst: Hagsjá: Íbúðaverð stendur nánast í stað
- 26. ágúst: Hagsjá: Velta eykst í útflutningsgreinum en innlend eftirspurn kólnar
- 27. ágúst: Hagsjá: Verðbólga eykst í 5,6% - hækkanir á breiðum grunni
- 31. ágúst: Hagsjá: Ál og fiskur skýra samdrátt á öðrum ársfjórðungi

Fyrirvari

Þessi samantekt og/eða umfjöllun er markaðsefni ætlað til upplýsingar en ekki sem grundvöllur viðskipta. Markaðsefni þetta felur hvorki í sér fjárfestingarráðgjöf né óháða fjárfestingargreiningu. Lagakröfur sem gilda um fjárfestingarráðgjöf og fjárfestingargreiningu eiga því ekki við, þ.m.t. bann við viðskiptum fyrir dreifingu.

Upplýsingar um þróun gengis innlendra hlutabréfa, skuldabréfa og/eða vísitalna koma frá Nasdaq Iceland – Kauphöllinni. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á viðkomandi hlutabréf, skuldabréfaflokk eða vísitölu. Upplýsingar um þróun gengis erlendra fjármálagerninga, vísitalna og/eða sjóða koma frá aðilum sem Landsbankinn hefur metið áreiðanlega. Þróun gengis í fortíð gefur ekki vísbendingu um framtíðarþróun.

Upplýsingar um fyrri árangur sjóða Landsbréfa byggja á upplýsingum frá Landsbréfum. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á heiti viðkomandi sjóðs, þ.m.t. um árangur síðastliðinna fimm ára. Upplýsingar um fyrri árangur sjóða sýna nafnávöxtun, nema annað sé tekið fram. Ef fyrri árangur sjóða byggir á erlendum gjaldmiðli getur ávöxtun aukist eða minnkað vegna gengissveiflna. Árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur.

Verðbréfavíðskipti fela í sér áhættu og eru lesendur hvattir til að kynna sér Áhættulýsingu vegna viðskipta með fjármálagerninga og Stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra sem finna má á vef Landsbankans.

Landsbankinn hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og sætir eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (www.sedlabanki.is/fjarmalaeftirlit).

